

3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.

II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds sem hér segir:

I. flokkur: G. Ólafsson hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson hf.
Hermes sf.
Pharmaco hf.

III. flokkur: Farmasía hf.
H. Ólafsson & Bernhöft
Lyf sf.

5. gr.

Héraðslæknar, sem annast lyfjasölu samkvæmt 42. gr. lyfsölulaga, skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt V. flokki.

6. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur sjúkrahús samkvæmt V. flokki.

7. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisfóhirðis fyrir 15. október 1978. Gjaldið er lögtakskræft.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júlí 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um endurnýjun skotvopnaleyfa og leyfa til þess að mega versla með skotvopn og skotfæri.

Samkvæmt heimild í 5. tölul. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda, er frestur til endurnýjunar skotvopnaleyfa og leyfa til þess að versla með skotvopn og skotfæri samkvæmt 1. og 7. tölul. í ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 16/1978 um skotvopn og skotfæri framlengdur til 31. desember 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. júní 1978.

F. h. r.

Baldur Möller.

Dorleifur Pálsson.